Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála

Borgartúni 21

105 Reykjavík

Reykjavík 9. nóvember 2026

Kæra til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála

Kærð er ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) sem tekin var á 1936. afgreiðslufundi þann 8. október 2026 að gefa út starfsleyfi til 31. desember 2028 til Skotfélags Reykjavíkur, kt. 600269-2919, fyrir skotvöll á Álfsnesi.

Greinargerð með ákvörðuninni, sbr. tilkynningu til kæranda er undirrituð og dags. 9. október 2026.

Krafa:

Kærendur krefjast þess að framangreind ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 8. október 2026 um að veita Skotfélagi Reykjavíkur starfsleyfi fyrir skotvelli á Álfsnesi veðri felld úr gildi.

Útgefið leyfi ásamt skilyrðum og greinargerð:

Vísað er til netútgáfu á hinu kærða starfsleyfi ásamt greinargerð á vefslóð

https://reykjavik.is/sites/default/files/2026-10/Skotf%C3%A9lag%20Reykjav%C3%ADkur%20-%20Greinarger%C3%B0%20loka.pdf

Kærufrestur:

Upplýsingar um ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur barst kærendum með tölvupósti.

Kærufrestur er einn mánuður.

Kærendur:

Anja Þórdís Karlsdóttir og Kristbjörn Haraldsson

íbúar á Stekk við Esjurætur á Kjalarnesi

Umboð:

Leifur Gunnarsson lögmaður

LMG lögmenn slf.

Gögn:

Starfsleyfi

Umsögn Trivium ráðgjafar – Hávaðakortlagning og mótvægisaðgerðir

Andmæli kærenda send HER:

HER auglýsti umsókn SR um hið kærða starfsleyfi dagana 13. ágúst til 10. september 2026 og bárust fimm kvartanir vegna ónæðis frá aðilum sem hagsmuna eiga að gæta.

Kærendur sendu HER ítarleg andmæli og eru þau ítrekuð hér enda telja kærendur að ekki hafi verið tekið fullt tillit til athugasemda þeirra og telja þau svör HER ófullnægjandi.

Vísast um þetta til liðar 5.3 í greinargerð HER með starfsleyfinu.

Kæruefni:

Kærendur eru íbúar og fasteignareigendur á Stekk undir Esjuklettum, til norður frá skotvelli SR og skotæfingavöllum Skotreyn á Álfsnesi.

Kærendur andmæla því að fullnægjandi hljóðmælingar hafi farið fram í tengslum útgáfu hins kærða starfsleyfis. Kærendur telja hljóðmælingar Brekke Strand hvorki standast þær kröfur sem gera skal til slíkra mælinga né taki mælingin tillit til þess hávaða sem í raun er frá skotæfingum á velli SR og enn síður þegar keppnir og æfingar eru á skotvöllum á báðum svæðum.

Þá telja kærendur það ekki standast skilyrði laga að gefið sé út starfsleyfi á grundvelli mótvægisaðgerða sem ekki hafa verið framkvæmdar, þ.m.t. hljóðvarna sem óljóst er hvort virki, hvort verði framkvæmdar og eru ódagsettar geta ekki verið grundvöllur útgáfu starfsleyfis.

Loks telja kærendur að þær mótvægisaðgerðir sem HER hefur lagt til og taka gildi strax við útgáfu starfsleyfis, hafi í raun takmörkuð áhrif á hávaða frá skotsvæðinu og veiti kærendum og öðrum sem búa á áhrifasvæðinu takmarkaða vernd frá heilsuspillandi hávaða. Þannig telja kærendur að starfsleyfið uppfylli ekki skilyrði aðalskipulags varðandi tímasetta framkvæmdaáætlun mótvægisaðgerða og skilyrða um hreinsun og náttúruvernd.

Því telja kærendur að ákvörðun HER um útgáfu starfsleyfis til SR, dags. 8. október 2026, sé haldin verulegum annmörkum, bæði hvað varðar málsmeðferð og efni.

Nánari málsástæður kæru:

Kærendur, eru íbúar á Stekk á Kjalarnesi, sem stendur gegnt skotvöllum á Álfsnesi og hafa um langt skeið þurft að þola heilsuspillandi hávaðamengun frá skotæfingum og keppnum á þeim völlum. Stekkur stendur við Esjurætur og finna kærendur talsvert fyrir hávaðamengun og ónæði frá hagla- og riffilskotum sem bergmála sem endurkast frá Esjuklettum.

Skotkeppnir og skotæfingar á Álfsnesi fara helst fram síðdegis og fram á kvöld á virkum dögum sem og um helgar og þá er iðulega skotið á öllum völlum þegar opið er.

Þannig telja kærendur augljóst að hávaðamæling eins og sú sem HER byggir á geti ekki talist fullnægjandi. Í mælingu Brekke Strand og Verkís er mælt eitt skot í einu og aðeins mælt einn dag. Þannig er ekki tekið tillit til allra skotpalla, samlegðar eða mismunandi aðstæðna.

Kærendur vísa í þessu tilliti sérstaklega til umsagnar sem þau hafa aflað hjá Trivium ráðgjöf, dags. 9. september 2026. Þar segir m.a.

> *Norræna reikniaðferðin NT ACOU 099 – Shooting Ranges: Prediction of Noise gerir sérstaklega ráð fyrir mati á endurkasti skothávaða. Í viðauka A kemur fram að vegna stefnuvirkni skothávaða geti hljóðendurkast orðið ráðandi.*

Niðurstöður hávaðamælinga Brekke & Strand, sem fylgja starfsleyfisumsókninni, koma verulega á óvart. Samkvæmt framlagðri skýrslu mælist hljóðstig við Móavík frá haglabyssuskotum L-AIeq = 69,9 dB á meðan reiknilíkan fyrirtækisins vegna starfsleyfisumsóknar Skotreyn gaf L-AI = 75–80 dB á sama stað. Fyrirliggjandi mælingar Trivium gáfu L-AImax = 85dB við Móavík.

Kærendur telja að HER hafi því hvorki tekið nægilegt tillit til hagsmuna þeirra né athugasemda sem þau sendu inn við afgreiðslu málsins. Þannig hafi HER ekki gætt að góðum og vönduðum stjórnsýsluháttum þar sem ekki hafi verið tekið nægjanlegt tillit til umkvartana og athugasemda íbúa á nærliggjandi umhverfi.

Þá telja kærendur að leyfisveitandi geti ekki veitt umrætt leyfi á grundvelli óljósra og óvissra skilyrða um hvernig og hvenær fullnægjandi úrbætur verði gerðar á skotvellinum svo hagsmunir og heilsa íbúa á Kjalarnesi verði tryggðir. Þannig telja kærendur að úrbætur þurfi að liggja fyrir og vera þegar framkvæmdar þegar kemur að opnun skotvallar. Notkun skotvalla SR í því ástandi sem þeir eru við útgáfu starfsleyfisins fullnægir að mati kærenda ekki skilyrðum reglugerðar um hávaða nr. 724/2008.

Kærendur telja það ekki standast skilyrði laga að gefið sé út starfleyfi fyrir mengandi starfsemi, hávaðamengun í þessu tilfelli, þegar ekki er sýnt fram á að mengunarvarnir standist kröfur og skilyrði sem sett eru. Það geti ekki talist lögmætt að leyfa starfsemi skotvallar sem hafi heilsuspillandi áhrif á nágranna og leggja til að tillögur um úrbætur berist síðar eða mælingar fari fram síðar.


Annmarkar þeir sem eru á útgáfu starfsleyfi SR eru alvarlegir þegar litið er til umfangs þeirrar starfsemi sem leyfið heimilar. Haglaskotfimi er heimil til kl. 21 þrjú kvöld í viku, riffilskotfimi einnig til kl. 21 og að auki á föstudögum með hljóðdeyfi. Þá er heimilt að halda allt að átta skotkeppnir utan hefðbundins opnunartíma á ári, með skottíma frá kl. 10 til 19 á föstudögum, laugardögum og sunnudögum. Mælingaskýrslan sem leyfisveitandi byggir sjálfur á vísar hins vegar til þess að skothávaði sé mest truflandi fyrir nágranna milli kl. 16 og 20 á virkum dögum og að tímatakmarkanir geti dregið úr truflun.

Loks benda kærendur á að í aðalskipulagsforsendum var sérstaklega gert ráð fyrir að með umsókn um starfsleyfi skyldu lagðar fram tillögur að raunhæfum aðgerðum til að lágmarka hávaða ásamt tímasettri framkvæmdaáætlun. Í hinu útgefna leyfi er rekstraraðila hins vegar veittur frestur til 15. maí 2027 til að leggja fram tímasettar tillögur að úrbótum. Að mati kærenda verður því ekki séð að fullnægjandi mat á raunhæfum mótvægisaðgerðum og virkni þeirra hafi legið fyrir áður en starfsleyfið var gefið út.

Með vísan til framangreinds telja kærendur að málið hafi ekki verið nægjanlega upplýst áður en hin kærða ákvörðun var tekin. Óvissa ríkir enn um raunverulegt hámarksálag frá starfseminni, samlegðaráhrif skotvallanna, áhrif veðurs, skotstefnu og hljóðendurvarps og virkni þeirra mótvægisaðgerða sem gert er ráð fyrir. Kærendur telja þessa annmarka varða þær forsendur sem ákvörðun um útgáfu starfsleyfisins byggist á og styðja kröfu þeirra um að ákvörðunin verði felld úr gildi.

Á þessum grunni er ákvörðun HER og útgáfa á starfsleyfi SR kærð og þess krafist að ákvörðunin, frá 8. október verði felld úr gildi.

Virðingarfyllst, f.h. kærenda,



Leifur Gunnarsson, lögmaður